



FLJÓTSDALSHREPPUR - BYGGINGARFULLTRÚI

Végarði, 701 Egilsstaðir

EJK
HE LH

Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði.

03. febrúar 2025 kl. 17:00.

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfssdóttir, og Jónas Hafþór Jónsson, Byggingarfulltrúi.

1. Landsvirkjun, endurbygging stoðveggjar við inntak Ufsarstíflu

Borist hefur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Landsvirkjun. Lýsing í umsókn hljómar svo:

„Landsvirkjun áætlar að ráðast í endurbyggingu á stoðvegg við inntak Ufsarstíflu en stoðveggurinn hefur sigið og sprungið undan jarðvegsálagi. Veggerinn er samtengdur tæknirými fyrir inntaksbúnað Jökulsárganga og sá hluti hans sem fyrirhugað er að endurnýja er um 12,5 m að lengd og hæð hans er breytileg, á bilinu 2,4 til 5,2 m.

Markmið Landsvirkjunar með framkvæmdinni er að tryggja að stoðveggurinn gegni því hlutverki sem upphaflega var gert ráð fyrir á fullnægjandi hátt.

Framkvæmdin felst í því að jarðvegur er fjarlægður frá veggnum um það bil niður í kóta 627,5. Efri hluti veggjar er fjarlægður með steypusögun og steypubroti, sagað verður lóðrétt með tæknirými og lárétt í kóta 628,6. Því næst er fyllt undir nýjan fót stoðveggjar með þjappaðri fyllingu og nýr stoðveggur steypur í tveimur áföngum. Að lokum er fyllt að veggnum að nýju annars vegar með jarðvegi og lónmegin með grjótvörn sem bætt verður lítillega við frá því sem áður var. Magn af steypu sem þarf í verkið er um 25 m³ og tæp 3 tonn af járnbindingu.

Verkið hefur þegar verið hannað af verkfræðistofunni Verkís og gert er ráð fyrir framkvæmdum á verkstað sumarið 2025 eða 26.

Meðfylgjandi eru burðarþolsteikningar fyrir endurbyggingu stoðveggjar ásamt mynd af núverandi stoðvegg og korti sem sýnir staðsetningu veggjar.

Það er mat bygginga og skipulagsfulltrúa að framkvæmdir þessar falli undir framkvæmdaheimild þar sem um óverulega framkvæmd er um að ræða á svæði sem þegar hefur verið veitt framkvæmdaleyfi. Ásýnd breytist ekki og ekki verði átt við óraskað land.

Byggingar- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir með fyrirhugaðar framkvæmdir Landsvirkjunar og veitir framkvæmdaheimild fyrir verkinu.

2. Ann Marie S, umsókn um stöðuleyfi matarvagns

Borist hefur umsókn um stöðuleyfi fyrir matarvagn í landi Hjarðarbóls í Fljótsdal á tímabilinu 01.júní 2025 til 31. maí 2026. Eigandi vagnsins og umsækjandi er Sauðagull ehf. kt. 650219-1980, með lögheimili að Egilsstöðum í Fljótsdal. Tilgangur vagnsins er að selja veitingar, meðal annars eigin framleiðslu frá Sauðagulli ehf. úr vagninum. Vagninn er vagn og í eigu fyrirtækisins. Vagninn verður staðsettur innan girðingar í landi Hjarðarbóls, við pípuhlíðið á afleggjaranum upp að íbúðarhúsini, utan við núverandi veg á gamla vegstæðinu, eins og fyrri árin. Vagninn stendur langt frá öðrum mannvirkjum og því er engin hætta á að eldur frá honum geti borist í þau. Svæðið má sjá á uppdrætti í fylgiskjali. Gengið er frá vagninum þannig að almenningi stafi ekki hætta af honum og Fljótsdalshreppur veitir aðgang að rafmagnið. Hann verður á hjólum þannig að auðvelt er að draga hann frá ef á þarf að halda. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita stöðuleyfi til þess tíma sem tilgreint er í umsókn.

3. Þórhallur Jóhannsson Brekkubæ, viðbygging.

Laðar eru fram teikningar af viðbyggingu við íbúðahús Brekkubæjar.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti þau byggingaform sem fyrirhuguð eru og leggur í hendur byggingafulltrúa að afla tilsettra gagna og leyfa.



FLJÓTSDALSHREPPUR - BYGGINGARFULLTRÚI

Végarði, 701 Egilsstaðir

4. Hamborg, deiliskipulag, umsögn minjastofnunar.

Lagt er fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 30. desember 2024 þar sem fram kemur Fljótsdalshreppur hafi með erindi dags. 12. desember 2024 sent stofnuninni að nýju til yfirferðar tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð í landi Hamborgar.

Í niðurlagi bréfs Skipulagsstofnunar greinir:

„Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til erindisins þar sem ekki liggur fyrir ný umsögn Minjastofnunar, en stofnunin gaf ýtarlega umsögn um vinnslutillögu dags. 12. júlí 2024, þar sem gerðar voru efnislegar athugasemdir við tillöguna. Byggingar- og skipulagsnefnd fjallaði um athugasemdir Skipulagsstofnunar á fundi 16. október og voru í kjölfarið gerðar breytingar á greinargerð þar sem m.a. var settur inn almennur fyrirvari vegna fornminja.“

Í ljósi almenns fyrirvara og fyrri umsagnar Minjastofnunar telur Skipulagsstofnun að afla þurfi nýrrar umsagnar Minjastofnunar um breytta tillögu.“

Lagt er fram bréf byggingarfulltrúa Fljótsdalshrepps til Minjastofnunar Íslands dags. 8. janúar 2025 þar sem óskað var eftir að stofnunin gæfi umsögn, teldi hún þörf á, um deiliskipulagstillögu íbúðabyggðar í Hamborg eins og hún var samþykkt í sveitarstjórn þann 3. desember 2024. Frestur til að skila umsögninni var veittur til 24. janúar 2024.

Að beiðni Minjastofnunar Íslands var haldinn fjarfundur um umsagnarbeiðnina þann 23. janúar 2025 og sátu hann af hálfu Fljótsdalshrepps auk byggingarfulltrúa, Skarphéðinn Smári Þórhallsson landfræðingur og Kristinn Bjarnason lögmaður.

Á fundinum kom meðal annars fram að Minjastofnun Íslands teldi að mögulegt að framkvæmdaeftirlit fornleifafræðings gæti verið valkostur í stað þess að grafnir yrðu fyrirfram 19 könnunarskurðir á deiliskipulagssvæðinu eins og gerð hafði verið krafa um í umsögn stofnunarinnar dags. 12. júlí 2024. Í lok fundarins kom fram að stofnunin myndi senda inn nýja umsögn þar sem fjallað yrði um þessa leið.

Lögð er fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. janúar 2025. Í umsögninni kemur fram að þar sem ekki séu greinilegar fornleifar á yfirborði eða ekki liggur fyrir nákvæm staðsetning fornleifa sé hægt að velja á milli tveggja leiða sem mótvægiságerða. Annars í formi könnunarskurða innan byggingareita sem séu staðsettir innan heimatúns Hamborgar og hins vegar með framkvæmdaeftirliti þegar framkvæmdir hefjast þannig að unnt sé að stöðva framkvæmdir komi fornleifar í ljós.

Bygginga- og skipulagsnefnd fellst á að uppfæra greinargerð með deiliskipulagstillögu um þetta efni þann veg að fornleifafræðingur skuli hafa framkvæmdaeftirlit á deiliskipulagssvæðinu þegar framkvæmdir hefjast í því skyni að unnt verði að skrá og varðveita fornminjar komi þær í ljós svo sem nánar greinir í umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. janúar 2025.

Varðandi aðrar athugasemdir Minjastofnunar í umsögn þá hefur verið farið yfir þær frá því 27. janúar 2025 og brugðist verður við þeim með eftirfarandi hætti:

Uppdráttur verður uppfærður samkvæmt athugasemdum MÍ

Í greinargerðinni:

- *Uppfæra þarf kaflann um menningarminjar í ljósi uppfærslu á fornleifaskráningu svæðisins en samkvæmt henni eru 18 fornleifar innan svæðisins.*

Svar: Verður uppfært



FLJÓTSDALSHREPPUR - BYGGINGARFULLTRÚI

Végarði, 701 Egilsstaðir

- Í umfjöllun um menningarminjar segir: „...friðaðar fornleifar fundust á eða innan 15m friðhelgunarsvæðis fornleifa deiliskipulagssvæðisin.“. Lagt er til að umorða þetta, t.d.: „Innan og við deiliskipulagssvæðið voru skráðar 18 fornleifar.“

Svar: Verður uppfært

- Í töflu 1 í greinargerðinni er listi yfir skráðar fornleifar og þar er lagt mat á staðsetningu þeirra vegna framkvæmda og þar með mat á hættu á röskun. Ekki er tekið tillit til 15m friðhelgunarsvæðis fornleifa innan svæðisins sem og að nokkrar af þessum fornleifum eru innan framkvæmdarsvæðis auk þess margar af þeim eru í hættu t.d. vegna þess að þær eru innan lóða, í nálægð við byggingarreiti, götur eða göngustíga. Taflan gefur því ekki alveg rétt mynd af stöðu fornleifa innan svæðisins.

Svar: Tafla verður uppfrað og bætt verið inn í kafla 1.9 Menningarminjar eftir farandi:

1. Mgr. 22 gr. „Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“

- Uppfæra þarf umfjöllunina um mótvægisáðgerðir vegna fornleifa. Mótvægisáðgerðirnar í greinargerðinni eru ekki settar fram af Minjastofnun Íslands og þurfa kröfur stofnunarinnar að koma fram í greinargerðinni með skýrum hætti.

Svar: Vísað verður í tillögu sem koma fram í fornleifaskráningu sem gerðar hafa verið á svæðinu og að öðru leiti er erfitt að tala um mótvægisáðgerðir áður en staðsetning bygginga hefur ákveðin og niðurstöður framkvæmdareftirlitsins liggja fyrir.

- Minjastofnun ítrekar að allar merkingar við menningarminjar þarf að vinna í samráði við stofnunina.

Svar: Farið verður eftir lögum þar um en sveitarfélagið áskilur sér þann rétt til að setja sögu staðarins ef áhugi verður á því.

- Í kafla 2.5 er fjallað um leyfisveitingar. Þar þyrfti að koma fram að leyfi varðandi menningarminjar fari samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Svar: Kemur fram í kafla 1.9 Menningarminjar

- Í umhverfisskýrslu segir að áhrif á minjar séu óveruleg. Fornleifar eru í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda samkvæmt skipulagsupprætti og eru áhrifin því neikvæð.

Svar: Það hefur aldrei staðið til að skemma verðmætar fornleifar á Hamborg og verður allri vinnu hártað á þann hártað að ekki hljótist tjón af. Skipulagið gerir ráð fyrir að unnið verðið eftir þeim lögum og reglum sem fyrir eru í landinu og því munu sannanlegar fornleifar ekki vera í hættu vegna skipulagsins.

5. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:00

Sign. Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfssdóttir
Fundarritari: Jónas Hafþór Jónsson

*Lárus J. Kjerúlf
Eiríkur J. Kjerúlf
Helga Eyjólfssdóttir.*